

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018,
íbúðarsvæði við Hrafnabjörg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. apríl 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði sunnan Hrafnabjarga stækkar til suðurs. Óbyggt útvistarsvæði minnkar sem því nemur.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. apríl 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.